

# Lögmannaþingið



9. árgangur  
Mars  
1/2003

- Útlendingar á Íslandi
- Hælisleitendur
- Rekstur lögmannastofu á landsbyggðinni
- Fjármálafyrirtæki
- Lögmannaáættin
- Breytingar á félagatali



ILplús

# INNHEIMTUKERFI L Ö G M A N N A

HELDUR UTAN UM ALLA ÞÆTTI LÖGINNHEIMTU Á ÍSLANDI

Innheimtakerfi lögmanna er aðgengilegt og skilvirkt kerfi sem þróað hefur verið til móts við þarfir aðila í löginneimtum í tæplega 20 ár.

#### KERFIÐ TRYGGIR M.A.:

- Aukið öryggi í meðferð krafna
- Aukin afköst í innheimtum
- Stóraukinn tímasparnað
- Heildar yfirsýn á kröfur og ferli

#### KERFIÐ ER NÚ Í NOTKUN HJÁ:

- Bæjarfélögum
- Milliinneimtufyrirtækjum
- Löginneimtufyrirtækjum
- Verkalýðsfélögum
- Bankastofnunum
- Opinberum stofnunum

Ný uppfærsla kerfisins, **ILplús 2.2**, eykur til muna alla úrvinnslumöguleika notenda.

**Nú er rétti tíminn til að kynna sér möguleika Innheimtakerfis lögmanna.**

#### Hafðu samband

Við komum til þín og kynnum þér nýtt og öflugt Innheimtakerfi lögmanna.

Sími: 550 9616 | Netfang: [iris@lt.is](mailto:iris@lt.is)

**L Á N S T R A U S T H F.**

# Lögmannablaðið

## LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími (tel.): 568-5620  
Bréfsími (fax): 568-70567  
Tölvupóstur: (E-mail):  
lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

## STJÓRN LMFÍ

Gunnar Jónsson hrl.,  
formaður  
Helgi Jóhannesson hrl.,  
varaformaður  
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,  
gjaldkeri  
Lára V. Júlíusdóttir hrl.,  
ritari  
Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,  
meðstjórnandi

## STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason  
framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir  
félagsdeild  
Guðný Gísladóttir  
ritari

Blaðið er sent öllum  
félagsmönnum.

Ársaskrift  
fyrir utanfélagsmenn  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað  
kr. 300 + vsk.  
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:  
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Óflun ehf.,  
sími 533 4440

- 4** ÞÓRÐUR BOGASON:  
Frá ritstjórn
- 6** INGIMAR INGASON:  
Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs
- 10** Aðsókn að Lögmannavakt LMFÍ eykst um 48% milli ára
- 12** Morgunverðarfundur um fjármála fyrirtæki
- 14** GUNNAR JÓNSSON:  
Pistill formanns
- 15** HILMAR GUNNLAUGSSON:  
Rekstur lögmannsstofu á landsbyggðinni
- 16** Af Merði lögmanni
- 18** GEORG KR. LÁRUSSON:  
Útlendingar á Íslandi
- 21** HILMAR MAGNÚSSON:  
Hælisleitendur — réttaraðstoð
- 23** Íslenskir háskólar fá áskrifir að CELEX
- 24** Meistarakokkar kenna listina að elda
- 26** EYRÚN INGADÓTTIR:  
Fréttir frá félagsdeild
- 27** Námskeið

Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórður Bogason hdl.

Ritnefnd: Berglind Svavarsdóttir hdl., Bjarki H. Diego hrl.,  
Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.,  
Ragnar H. Hall hrl.



## FRÁ RITSTJÓRN

VORBOÐINN LJÚFI í lífi lögmansins er að sjálfsgöðu aðalfundur félagsins, haldinn síðari hluta marsmánaðar. Eða er það kannski árshátíðin sem haldin er um svipað leyti? Báðar þessar árlegu samkundur eru mikilvægar þó með misjöfnum hætti sé. Lögmannaþingi styður að sjálfsgöðu sitjandi formann sem gefur kost á sér annað kjörtímabil. Tekið er undir það sem fram kemur í pistli hans að eitt ár er stuttur tími fyrir stjórn sem setja vill mark sitt á félagið og þróun þess. Formaðurinn nefnir tvö atriði öðrum fremur sem stjórnin vill vinna að. Endurmenntun lögmanna og rétt almenninga til lögmannaþjónustu. Bæði þessi atriði eru góðra gjalda verð og mikilvægt að félagsmenn taki þátt í að móta stefnu. Það gerist meðal annars á aðalfundi félagsins. Það er líka skylda stjórnar að leita eftir skoðunum félagsmanna þar fyrir utan. Eina mikilvæga ábendingu er að finna í grein Hilmar Gunnlaugssonar hdl. Notkun fjarfundabúnaðar hlýtur að vera ein lykilforsenda fyrir því að endurmenntun verði gerð að skyldu. Getum við jafnvel átt fjarfundasamskipti við útlönd og aukið þar með enn fjölbreytni í laganámi á Íslandi? Endurmenntun er sjálfsgöður hluti af þeim gæðakröfum sem lögmenn gera til sín. Endurmenntunarskylda er hins vegar vandmeðfarin. Er þar með gæðastjórnun tryggð? Því ber að fagna að formaður félagsins vill eiga frumkvæði að umræðu um þetta mál og skorað er á lögmenn að láta það til sín taka. Meðal annars er Lögmannaþingi kjörinn vettvangur þeirrar umræðu. Einnig eru fundir félagsins, um nýmæli í löggjöfni, mikilsverðir eins og sá sem haldinn var í janúar um fjármálafyrirtæki og greint er frá í blaðinu. Varðandi aðgang almenninga að lögmönnum eru athyglisverðar þær upplýsingar sem fram koma í blaðinu um stóru aukna aðsókn á Lögmannaþingi. Þær styrkja það markmið formannsins að taka

til umfjöllunar á vettvangi félagsins rétt allra til lögmannaþjónustu.

Í þessu fyrsta tölublaði ársins er vakin sérstök athygli á réttarstöðu útlendinga á Íslandi og er tilefnið ný lög þar um. Georg Kr. Lárusson, forstjóri Útlendingastofnunar, og Hilmar Magnússon hdl. fjalla um þessi mál, frá sitthvoru sjónarhorninu. Georg bendir á að útlendingaréttur er ekki kenndur hér á landi, þar er eitt endurmenntunarverkefnið komið. Hann bendir líka á þá staðreynd að á Íslandi er orðið til fjölpjódlegt samfélag. Hafa ber í huga að allir þegnar samfélagsins, hvernar þjóðar sem þeir eru, kunna að hafa þörf fyrir þjónustu lögmans. Hilmar bendir á rúmar valdheimildir stjórnvalda í þessum málaflokki sem geti jafnvel verið ósamrýmanlegar stjórnarskránni. Hann telur einnig æskilegt, með tilliti til réttaröryggis, að úrskurðir Útlendingastofnunar verði birtir. Sú stefna hefur verið mörkuð af stjórnvöldum að stjórnvaldsúrskurðir skuli almennt birtir án endurgjalds á netinu ([www.rettarheimild.is](http://www.rettarheimild.is)). Allar undantekningar frá henni verður að rökstyðja vel þótt í mörgum tilvikum verði að gæta persónuverndar.

Lögmannaþingi treystir því að félagsmenn geri sér grein fyrir hinu ötula starfi sem ritstjórn þess vinnur með dygri aðstoð starfsmanna LMFÍ. Björn Bergsson hrl., fyrrum ritstjóri og ritnefndarmaður, hefur verið þar lengst allra í forystu og gegnt veigamiklu hlutverki. Hann hefur nú ákveðið að yfirgefa búðir ritstjórnarinnar. Lögmannaþingi þakkar Birni samfylgdina og störf hans öll. Sem betur fer er hann þó enn almennur félagsmaður í LMFÍ og mun væntanlega sem slíkur, líkt og aðrir félagsmenn, keppast við að senda blaðinu stuttar greinar um áhugaverð málefni.

*Þórður Bogason ritstjóri.*



## Ljósritunarvél ?

DIALTA ljósritunarvélar  
gefa orðinu nýja merkingu.  
Auk þess að ljósrita,  
hefta og gata,  
geta þær skannað,  
vistað skjöl á netþjónum,  
sent fax og tölvupóst  
og prentað frá tölvunni þinni  
í fullum lit.



**TÆKNIBÚNAÐUR**

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 12 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMAR 510 5520 • 510 5500  
WWW.KJARAN.IS

# Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

(tölur innan sviga eru frá fyrra starfsári).

NÝIR FÉLAGSMENN frá síðasta aðalfundi eru samtals 44 (42), þar af 19 (21) sem leystu til sín eldri málf lutningsréttindi. Þá hafa 4 (9) félagsmenn öðlast réttindi til málf lutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Alls voru 20 (46) lögmenn teknir af félagaskránni.

Félagsmenn eru nú samtals 629 (605), eða 24 (17) fleiri en á síðasta aðalfundi. Héraðsdómslögmenn eru 417 (397) og hæstaréttarlögmenn 212 (208). Alls eru 344 lögmenn sjálfstætt




**Ingimar Ingason**

framkvæmdastjóri LMFÍ


starfandi og 68 lögmenn fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 182 (169) lögmenn starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 73 (77) hjá ríki eða sveitarfélögum og 109 (92) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 45 (44) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum eru 35 (34) talsins. Lögmenn 70 ára og eldri á þessu ári, eru 48 (48).

*Framhald á bls. 8*

## Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



## Fjölgun félagsmanna í LMFÍ á tímabilinu 1992-2002.




A man in a dark suit and tie is walking through a library, looking down at a book he is holding. The shelves are filled with books, and the lighting is warm and focused on the man.

## Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1 998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Tryggðu þína ábyrgð og hringdu í síma **560 5060**. Þar færðu allar nánari upplýsingar.


## Skipting (%) kvenna innan LMFÍ eftir því hvar þær starfa.



Af félagsmönnum eru 126 (115) konur, þar af eru 14 (14) hæstaréttarlögmenn. 45 (44) konur eru sjálfstætt starfandi og 27 (22) konur eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 54 (49) konur starfa

hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 25 (25) hjá ríki eða sveitarfélögum og 29 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (þar af 14 (13) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

## Skipting (%) karla innan LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Af félagsmönnum eru 503 (490) karlar, þar af eru 198 (194) hæstaréttarlögmenn. 299 (295) karlar eru sjálfstætt starfandi og 41 (41) starfar sem fulltrúi sjálfstætt starfandi lögmanna. 128

(120) karlar starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 46 (52) hjá ríki eða sveitarfélögum og 82 (68) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum.

## Lögmannsstofa skrifstofuherbergi til leigu

Á skrifstofu minni að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði er laust skrifstofuherbergi til útleigu.

Góð aðstaða á vel búinni skrifstofu með aðgangi að sínavörslu/ritara og innan-húss-tölvuneti með IL+ o.fl.

Bjarni Lárusson hdl.  
Sími: 565 3222  
Fax: 565 3244  
Netfang: bla@isgatt.is

Groa@leiti.is

## Árshátíð

Margir bíða spenntir eftir að vita hvort barátta kynjanna haldi áfram frá síðustu árshátíð en árshátíðarnefnd þorði ekki fyrir sitt litla líf að hafa aftur karl sem veislustjóra, nema ást ráði.

Heyrst hefur að ákveðnir lögmenn séu enn í hefndarhug síðan í fyrra en aðrir hlakki til af sömu ástæðu.

Svo er aldrei að vita hvað finnst í anddyrinu.

Gróa



1963  
1983  
2002

# ÍSLENSKA ORÐABÓKIN

Grundvallarrit  
um íslenska tungu

## Ný, stóraukin og endurbætt útgáfa

Ný útgáfa Íslenskrar orðabókar byggist á langri hefð. Hún er gagnabanki og leiðarvisir um ný orð og aukið merkingarsvið sigildra orða í tungumáli okkar. Þriðja útgáfa orðabókarinnar er þrekvirk í íslenskrri bókaútgáfu.

- Eina íslensk-íslenska orðabókin
- Um 90 þúsund uppflettið
- 1900 blaðsíður, tvö bindi, 600 blaðsíðum stærri en útgáfan frá 1983
- Yfir 5 þúsund ný orð frá fyrri útgáfu, fyllri skýringar, bætt efnisflokkun
- Breytt uppsetning greiðir aðgang að lýsingu orðanna
- Fjölbreyttari og gleggri leiðbeiningar um málsnið og málnotkun en áður
- Fjöldmörg sérsvið endurskoðuð og uppfærð
- Áhersla á orðfæri af daglegum vettvangi á heimili og vinnustað

Íslensk orðabók endurspeglar samhengið í íslenskrri tungu frá Eddukvæðum til tölvutækni. Hún á erindi við alla sem tala íslensku.



E d d a


# Aðsókn að Lögmannavakt LMFÍ eykst um 48% milli ára!

Í hverri viku koma einn til tveir lög-  
menn í sjálfboðastarf á Lögman-  
navaktina en hún hefur verið skipulögð af  
Lögmannafélagi Íslands síðan árið  
1993. Markmið þjónustunnar er að  
mæta þörf almennings fyrir upp-  
lýsingar um réttarstöðu sína án þess að  
greiðsla komi til. Þannig hefur almenn-  
ingur kost á ráðgjöf burtséð frá efna-  
hag. Árið 2002 nýttu 257 manns sér  
þessa þjónustu, eða 48% fleiri en árið  
2001.

Eins og sjá má á eftirfarandi töflu  
eru málin sem koma inn á borð Lög-  
mannavaktarinnar af ýmsu tagi. Helsta  
breytingin frá fyrra ári er aukinn fjöldi  
mála er varða fasteignir, greiðsluferfið-  
leika, forsjármál og skaðabótamál.  
Málin voru ýmist leyst með ráðgjöf eða  
fólki ráðlagt að leita lögmanns.

Á síðasta ári skiptu 54 lögmenntur  
milli sín að veita ráðgjöf. Skipulagið er  
með þeim hætti að hver lögmaður  
kemur einu sinni til tvisvar á ári og  
eyðir tveimur klukkustundum af tíma  
sínnum í þetta sjálfboðaliðastarf. Mikil-  
vægt er fyrir félagið að hafa á bak við  
þjónustuna stóran hóp lögmanntur  
með breiða þekkingu. Lögmenntur eru hvattir  
til að leggja Lögmannavaktinni lið  
enda vinna margar hendur létt verk!

Lögmannafélagið þakkar þeim lög-  
mönnum sem hafa tekið þátt í Lög-  
mannavaktinni síðastliðið ár fyrir vel  
unnin störf.



Málaflokkar	1998	1999	2000	2001	2002
Aðför/nauðungarsala		2	5	9	4
Almannatryggingar	1		1	1	1
Barnaverndarmál					1
Dánarbússkipti/gjald-þrotaskipti	2	3	4	8	7
Erfðamál	8	10	15	16	19
Faðernismál					1
Fasteignir	23	28	27	21	32
Fjárskipti milli hjóna	11	10	9	19	13
Forsjármál	6	15	15	10	20
Greiðsluferfiðleikar, skuldaskil	7	8	13	20	30
Grenndarréttur	2	2			2
Hjónaskilnaðarmál/sambúðarslit	16	20	38	21	30
Hjúskaparmál að öðru leyti	6	4	1	5	3
Húsaleiga	6	6	5	8	7
Neytendamál	3	3	5	6	6
Óskráð sambúð	2	2	5	1	4
Ráðningarsamningar/vinnuréttarmál	3	4	4	8	6
Refsimál	7	18	8	11	10
Skaðabótamál	18	19	22	12	36
Skattamál	6	3	1	2	8
Stjórnvöld	4	2	11	8	9
Vátryggingamál	2	2	4	6	4
Viðhalds- og viðgerðarsamningar	1	3	1		3
Þjónustusamningar	1	5	1		2
Annað*	17	20	23	25	33
<b>Samtals skráðir málaflokkar</b>	<b>152</b>	<b>189</b>	<b>218</b>	<b>217</b>	<b>291</b>

\* Útlendingar, landamerki, gallar, barnaverndarmál, lífeyrissjóðsmál, læknasamskipti, fjármál og fleira.

# Árshátíð LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

verður haldin laugardaginn 22. mars,  
að Grand Hótel – Gullteig, kl. 19:30

Heiðursgestur: ARI EDWALD  
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Veislustjóri: VALBORG Þ. SNÆVARR hrl.

Happdrætti  
vinningar að  
verðmæti  
kr. 80.000

Heimateitin  
verða haldin um borg og bæ  
og hefjast kl. 17:30.  
Boðið verður upp á léttar  
veitingar!

## Dagskrá:

Jóhannes Kristjánsson

eftirherma mun gera „alvarlega úttekt“ á gangi landsmála

Steindór Andersen

kvæðamaður og formaður Kvæðamannafélagsins Iðunnar  
mun kveða nokkrar rímur

Hljómsveitin „Í svörtum fötum“

Ein vinsælasta hljómsveit landsins leikur fyrir dansi:

Miðapantanir í síma 568 5620, í bréfsíma 568 7057 eða með tölvupósti á netfang: eyrun@lmfi.is

Greiða þarf miða fyrir 18. mars og munið að tilgreina nafn/kt. greiðanda ef greitt er inn á reikning LMFÍ. –  
Reikningsnúmer LMFÍ: 1150-26-1207 – kt. 450269-2209 – Miðaverð kr. 8.500.

**MUNIÐ AÐ PANTA MIÐA TÍMANLEGA**

## FUNDARBOÐ

### Aðalfundur

Lögmannafélags Íslands 2003 verður haldinn  
föstudaginn 21. mars n.k., kl. 14:00 í Skála,  
Radisson SAS Hótel Sögu.

#### DAGSKRÁ:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 8. gr. samþykktu fyrir Lögmannafélag Íslands.
2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
3. Tillaga stjórnar um hækkun árgjalds til Lögmannafélags Íslands
4. Önnur mál.

Reykjavík 24. febrúar 2003  
Stjórn Lögmannafélags Íslands

### Aðalfundur

FÉLAGSDEILDAR LÖGMANNAFÉLAGS  
ÍSLANDS

Að loknum aðalfundi LMFÍ verður haldinn  
aðalfundur Félagsdeildar LMFÍ.

#### DAGSKRÁ:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 6. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ.
2. Tillaga stjórnar um hækkun árgjalds til félagsdeildar LMFÍ.
3. Önnur mál.

Reykjavík 24. febrúar 2003  
Stjórn Lögmannafélags Íslands

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

# Morgunverðarfundur um fjármálafyrirtæki

Í LOK síðasta árs samþykkti Alþingi ný lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem er heildarlöggjöf yfir starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, lánaþyrirtækja, rafeyris- og verðbréfaþyrirtækja, verðbréfamíðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða, en áður höfðu fjölmörg sérlæg gílt um þessa starfsemi.

Þann 23. janúar sl. hélt LMFÍ, ásamt Félagi lögræðinga fjármálafyrirtækja, morgunverðarfund um inntak og þýðingu þessara nýju laga á íslenskt fjármálaumhverfi. Framsögumenn voru þeir Guðjón Rúnarsson hdl, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfaþyrirtækja, og Hrafnkell Óskarsson deildarsérfræðingur í Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Guðjón Rúnarsson sagði að hin nýju lög væru fyrir margra hluta sakir merkileg. Lögin væru einn lagabálkur í stað margra áður, í þeim væru skýrari refsíákvæði, víðari starfsheimildir rekstrarfélaga verðbréfasjóða, samrunaferli félaga væri einfaldað, sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins væri aukið og þau framsækin í alþjóðlegu tilliti. Markmið bankalaganefndar hefði verið að samræma lög um fjármálafyrirtæki og gera þau einföld og skýr. Lögin ættu að tryggja öryggi og trúverðuleika í

starfsemi fjármálafyrirtækja og samkeppnishæfni fjármálamarkaðar almennt. Guðjón taldi að nefndinni hefði tekist að mestu að ná þessum markmiðum sínum.

Sá möguleiki var skoðaður af bankalaganefnd að fella lög um tryggingastarfsemi einnig undir lög um fjármálafyrirtæki en niðurstaðan var að sú fæðing þyrfti lengri meðgöngu. Ljóst væri þó að félög í tryggingastarfsemi féllu sannarlega vel undir yfirheitið fjármálafyrirtæki sem nú hefur verið formlega lögfest. Að óbreyttu væri hins vegar mikilvægt að ráðuneytið tryggði sem best samræmi milli laga um fjármálafyrirtæki og laga um váttryggingastarfsemi.

Hrafnkell Óskarsson sagði að með nýju lögunum hafi verið tekin út ýmis boð og bönn sem voru börn síns tíma. Með nýju lögunum myndu fjármálafyrirtækin því lúta sömu leikreglum og annar atvinnurekstur, eftir því sem mögulegt væri. Hrafnkell vakti athygli á því að þótt nýju lögin sameinuðu nokkra lagabálka gíltu áfram ýmis sérlæg um markaðinn og benti á að í sjálfu sér mætti deila um hvað teldist til starfsemi á fjármálamarkaði og skilgreiningu á fjármálafyrirtæki, t.d. hvort rétt væri að flokka starfsemi váttryggingafélaga eða lífeyrissjóða þar undir.

Sá kafli laganna sem hefur fengið hvað mesta athygli fjallar um hert skilyrði um virka eignarhluti í sparisjóðum. Ávallt hafa gílt sérreglur um eigendaskipti á stofnfjárhlutum í sparisjóðum, enda er hér um að ræða réttindi sérstaks eðlis. Smám saman hefur þó verið opnað fyrir viðskipti með þessi réttindi en eldri reglur um þetta voru almennt túlkaðar svo að eigendaskipti af hvaða ástæðu sem er færu aðeins fram á endurmetnu stofnverði; stofnfjárhlutir væru ekki framseljanlegir á yfirverði; enda má ráða af lögskýringargögnum að sú hafi ekki verið ætlun löggjafans. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins í máli “fimm-meninganna” svokölluðu sl. sumar breytti þessu og því var skerpt á meginreglu laganna um dreifða eignaraðild með því að setja skilyrði fyrir því að einstakir aðilar gætu öðlast virkan eignarhlut (10% stofnfjár eða meira). Í stuttu máli sagt kemur myndun slíks virks eignarhlutar aðeins til greina ef um er að ræða nauðsynlegan þátt í fjár-



Frummælendur fundarins ásamt fundarstjóra. F.v. Hrafnkell Óskarsson, Aðalsteinn E. Jónasson og Guðjón Rúnarsson.



Gestir fundarins hlusta á ræðumenn.

hagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs eða lið í eflingu samvinnu sparisjóða í landinu.

Hrafnkell sagði að þróun fjármálagöggjafar hefði verið hröð undanfarin ár og ekki væru líkur á að það breyttist þar sem fjöldi EB-tilskipana væru á leiðinni. Heildarendurskoðun á löggjöf væri e.t.v. enn mikilvægari þegar nýjar tilskipanir kæmu svo ört því „ef húseigandinn er framkvæmdaglaður skiptir máli að burðarvirki hússins sé vandað“.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið vonaðist til að tekist hefði að skapa vissan kjarna af reglum um stofnun og starfsemi fjármálafyrirtækja sem gefi markaðnum nægilegt svigrúm til að þróast og eflast samtímis því sem þær stuðli að því að íslensk fjármálafyrirtæki njóti þess trausts sem er forsenda velgengni í harðnandi alþjóðlegri samkeppni.

Frummælendur voru spurðir að því hvort þeim þætti 8% eiginfjárstaða nægileg, eins og lögin

gerðu ráð fyrir og svaraði Guðjón því að verið væri að fylgja alþjóðlegum leikreglum. Lögin gerðu ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið gæti gert kröfu um meiri heimild. Hrafnkell sagði að það að ákvörðun eiginfjárlutfalls væri jafnvægislist þar sem annars vegar þyrfti að gæta öryggis en hins vegar mætti ekki setja fyrirtækjunum fótakefli. Sú gagnrýni kom fram að lögin fjölluðu um fjármálaeftirlit fremur en um fjármálafyrirtæki og þau endurspegluðu ofurtru á eftirliti. Guðjón benti hins vegar á að markaðsaðilar hefðu lagt mikla áherslu á að ekki væri of langt gengið í þessum efnum og að við meðferð málsins hefði verið

dregið nokkuð í land frá upphaflegum ákvæðum. Vissulega mætti ekki ganga svo langt í eftirlitskröfum að skilvirkni fjármálamarkaðar liði fyrir en að mati Guðjóns hefði náðst ásættanleg niðurstaða. Eftirlitsaðilar þyrftu hins vegar að kunna að fara með það vald sem þau hefðu. Þá bæri að hafa í huga að ef mönnum þætti eftirlitið fara offari væru til skilvirkar kæruleiðir.



## Ferðapunktur til farseðlakaupa

Handhafar VISA Business Card safna Ferðapunktum í Vildarklúbbi Icelandair af allri innlendri veltu, 12 punktar fyrir hverjar 1000 kr.

Nánari upplýsingar m.a. um skiptikjör í þjónustumiðstöð VISA í sími 525 2025.

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf.

Álfabakka 16

109 Reykjavík

Sími 525 2000

Fax 525 2020

www.visa.is

innkaupakort@visa.is

*Business Card*

ICELANDAIR  
www.icelandair.is

VISA UM ALLA FRAMTÍÐ



## PISTILL FORMANNS:

**TÍMINN** líður hratt á gervihnattaöld, sungu Pálmi, Eiríkur og Helga í Bergen, sællar minningar. Í þann tíð ætluðum við, og reyndar oft síðan, að sigra Evróvisjón. Nú sættumst við á að lagið okkar sé ekki stolið, en erum ekki alveg viss. Enda þótt lögmenn vilji veg laganna sem mestan eiga þau lög sem lögmenn fjalla mest um ekkert erindi í söngvakeppni, þar eiga annarskonar lög að ráða.

En tíminn líður enn hratt. Þessi pistill er sá fjórði sem ég skrifa í Lögmannablaðið sem formaður og sá síðasti á starfsári þeirrar stjórnar sem nú situr. Ég vonast hins vegar til þess að fá tækifæri til þess að skrifa fleiri formannspistla í blaðið, gef með öðrum orðum kost á mér til formennsku félagsins að nýju. Eitt ár er nefnilega skelfing skammur tími á gervihnattaöld og fráleitt nægur til þess að koma því í verk innan stjórnar Lögmannafélagsins sem hugurinn stendur til.

Drjúgur hluti tíma stjórnar fer í afgreiðslur alls kyns erinda, sem ekki verður komist hjá að afgreiða, en varða aðra en þá sem þær snúast um sjaldnast miklu. Þá ber stjórninni, samkvæmt samþykktum félagsins að koma fram fyrir þess hönd. Undir þann lið í störfum stjórnar fellur ýmislegt, en það sem varðar mestu eru samskipti við dómismálaráðuneyti, dómstólaráð og dómarafélagið, m. a. með reglulegum fundum. Á þessum fundum er vitaskuld leitast við að halda fram hagsmunum félagsmanna, auk þess sem má verða til þess að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis eins og kveðið er á um í tilgangssákvæði samþykta félagsins. Stjórn félagsins heldur líka uppi erlendum samskiptum fyrir þess hönd. Þar skipta mestu samskipti okkar við systurfélög annars staðar á Norðurlöndunum og starf okkar innan CCBE. Föst verkefni stjórnar eru því all mikil vöxtum og væri í sjálfu sér hægt að láta við það sitja að sinna þeim einum.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það væri ekki mjög gefandi að taka þátt í starfi stjórnar,

sem ekki vildi eiga frumkvæði að einhverju sem hún telur mega til framfara horfa. Í fyrri pistlum hef ég haldið því fram að lögmenn eigi að vera íhaldssamir og ekki breyta breytinganna vegna eða taka ákvarðanir byggðar á dægursveiflum þjóðmálaumræðunnar. En íhaldsmin má ekki koma í veg fyrir að menn haldi vöku sinni.



**Gunnar Jónsson**

hrl.

Í upphafi þess stjórnarárs sem senn er liðið, var ákveðið að huga sérstaklega að tveimur málefnum sem varða félagsmenn og skjólstaðinga þeirra miklu. Annars vegar endurmenntun lögmanna og hins því sem á enskri tungu hefur verið kallað access to justice, sem er í raun spurningin um rétt almennings til lögmennsþjónustu. Hugtakið hljómar vel á ensku og gælir við sjálfsmynd lögmanna; réttlætið sjálft sé samtvinnuð tilveru þeirra.

Þessi verkefni eru bæði stærri en svo að afgreidd verði í skyndingu. Hins vegar hefur talsverð undirbúningsvinna farið fram um hvorttveggja.

Félagið hefur víðað að sér upplýsingum um það hver þróun og staða endurmenntunar lögmanna sé í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við. Tvímálalaust virðist að þróunin sé í átt til endurmenntunarskyldu. Ég hygg að óumdeilt sé að allir hafi gott af upprifjun fræðanna öðru hverju. Endurmenntun er líka mikilsvert ímyndarmál fyrir lögmenn. Stjórn félagsins telur mikilsvert að félagið eigi sjálft frumkvæði að því að koma á reglum um skyldu félagsmanna til endurmenntunar og mun því leggja til við aðalfund félagsins að stjórn verði falinn undirbúningur þess að koma slíkri skyldu á. Með því yrði væntanlega tryggt að félagið réði einhverju um það með hvaða hætti mætti fullnægja slíkri skyldu. Eigi félagið ekki frumkvæði sjálft, kynnu aðrir að taka frumkvæðið af því og koma slíkri skyldu á og ákveða inntak hennar, hvort sem Lögmannafélaginu eða félagsmönnum þess líkar betur eða verr.

Aðgangur almennings að þjónustu lögmanna er annað mikilsvært mál, sem sjálfsagt er að félagið taki frumkvæði í. Ég ímynda mér að fæstum lögmönnum finnist þjónusta sín hátt verðlögð og af því sem ég þekki til, get ég oftast verið þeim sammála. Það breytir hins vegar engu um það að fyrir venjulegt launafólk er þjónusta lögmanna dýr og hún hlýtur að vera það, þótt ekki væri fyrir annað en þann kostnað sem er því samfara að reka lögmannsstofu. Það nákvæmlega sama á við í öðrum löndum. Lögmannafélög víða um heim láta sig málefnið því varða, enda slæmt til þess að vita að fólk glati lögvörðum réttindum sem það er sjálft ekki fært um að sækja, fyrir að ráða ekki við að leita aðstoðar lögmanns.

Gjafsókn er úrræði sem er tækt vegna mála sem rekin eru fyrir dómstólum. Dómsmálaráðuneytið hefur upplýst Lögmannafélagið um að gjafsóknarkostnaður hafi vaxið mjög undanfarin ár. Ráðuneytið hefur af því áhyggjur, sem er eðlilegt. Þeirri skoðun hefur jafnvel verið hreyft að lögmenn kunni að ráða einhverju um vaxandi kostnað. Forsvarsmenn félagsins hafa ekki talið þær vangaveltur réttmætar. Lögmenn ráða því ekki hvort skjólstæðingar þeirra sækja sér rétt fyrir dómstólum. Ákveði skjólstæðingarnir hins vegar að láta reyna á rétt sinn, hlýtur sú skylda að hvíla á lögmanni að upplýsa þá sem kunna að uppfylla skilyrði til gjafsóknar, um þann rétt.

En gjafsókn er takmarkað úrræði og nær ekki til þess þegar réttur er sóttur fyrir stjórnvöldum eða handhöfum stjórnvalds. Slík mál eru þó oft fullt eins flókin og dómsmál og í raun nánast ógerlegt fyrir leikmenn að gæta réttar síns án aðstoðar lögmanns. Sú spurning hlýtur að vakna hvort eðlilegt sé að ríkið tryggi þeim sem efna-minnstir eru eða þurfa að láta reyna á grundvallaratriði möguleika til þess að leita réttar síns fyrir dómstólum, en enginn sambærilegur réttur sé fyrir hendi vegna réttinda sem sækja þarf til stjórnvalda. Lögmannafélagið hlýtur að velta slíkum spurningum fyrir sér og bera þær upp við stjórnvöld, eigi þau ekki frumkvæði að því sjálf.

# Groa@leiti.is

## Húsmæðraskólagengnir lögmenn

Vinkona mín var heldur spösk á svipinn um daginn þegar við hittumst. Hún sagðist ekki vera dugleg að fara á námskeið en hefði breytt út af þeirri venju og farið í húsmæðraskóla! Ég hváði forviða, vitandi það að þessi vinkona hafði farið í lögfræðinám á meðan eldri systur hennar voru húsmæðraskólagegnar. Hún hafði oft verið að furða sig á þessu fyrirbæri sem væri húsmæðraskóli og því kom þetta mér spánkt fyrir sjónir;

„Mig langaði allaf innst inni að fara í húsmæðraskóla eins og systur mínar frekar en lögfræði“ sagði hún og brosti furðulega.

Ég var komin með undurfurðulegan svip á andlitið, eiginlega heimskulegan, þegar hún sagði;

„Reyndar var ég á námskeiði í ítalskri matargerð með kokkum La Primavera. Það var haldið í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur svo ég hlýt að teljast húsmæðraskólagengin!“

*Gróa*

## Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (níu þýðendur og túlkar).

Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.

Laugavegi 163a - sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717

netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

# Rekstur lögmansstofu á landsbyggðinni.

FYRIR stuttu barst mér í hendur útreikningur á rekstrarkostnaði meðal einyrkja í lögmennsku. Mikið var ég feginn, því mér hefur þótt vanta faglega umræðu um rekstur lögmansstofa, hvað teljist eðlilegt og hvað ekki. Þegar ég stofnaði lögmansstofu, ásamt þremur öðrum lögmönnum árið 1998, þá hefði ég viljað hafa aðgang að gögnum sem þessum, reynslusögum annarra sem hefði getað stýrt okkur félögunum þar sem þess þurfti. Þessi útreikningur féll ekki alveg að mínum rekstri en er afar gagnlegur sem viðmið.



**Hilmar  
Gunnlaugsson**

hdl.

## Regula - lögmansstofa.

*Húsavík - Egilsstaðir - Höfn.*

Einyrkjarekstur höfðar ekki til mín þó ég hafi verið slíkur í nokkur ár. Því er ég afar spenntur fyrir hinni nýju lögmansstofu sem undirritaður hefur stofnað ásamt Sigríði Kristinsdóttur á Höfn og Berglindi Svavarsdóttur á Húsavík. Rekstur lögmansstofu með fjóra lögfræðinga á þremur stöðum, þar sem minnsta fjarlægð er 240 km á milli starfsstöðva, er spennandi og krefjandi verkefni. Starfsemin hjá okkur hófst 03.03.03 og með aðstoð nýjustu upplýsingatækni tekst okkur að sameina þessar þrjár skrifstofur sem eina. Sameiginlegt tölvuverki (Terminal Client) og sameiginleg símsstöð (Centrex) gera það að verkum að fyrirtækið er með eitt stórt hjarta. Með því vonumst við til að komast hjá þeim ókostum sem fylgja rekstri í dreifbýli en nýta kosti þess.

## Námskeið til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður.

Það eru þó ekki allir sem nýta tæknina til fulls. Hjá mér hefur starfað lögfræðingur sem vill verða héraðsdómslögmaður. Á Austurlandi voru þau reyndar fjögur í sömu sporum, þ.e. nýlega útskrifaðir lögfræðingar sem vildu fá réttindin. Ég hélt að það yrði nú auðsótt að sækja námið héðan, annað hvort með því að losna við

mætingaskyldu eða með notkun fjarfundarbúnaðar. Sjálfur hef ég sótt heilsársnám með þessum hætti og starfsfólk mitt hefur numið rekstrarfræði og fasteignasölu með báðum þessum aðferðum. En lögmennskan skal vera öðruvísi. Ég verð að nota þetta tækifæri og lýsa yfir depurð minni á þeirri staðreynd að uppsetning starfstengds náms skuli vera með slíkum hætti á upplýsingaöld að illmögulegt er fyrir þá sem búa utan 2 klst. akstursradíusar frá Reykjavík að sækja námið. Því skal þó haldið til haga að nefndin breytti uppsetningu námsins til þess að koma til móts við þarfir landsbyggðarfólksins en betur

má ef duga skal. Rökin gegn því að notast við fjarfundarbúnað voru þau hversu dýrt það væri að setja hann upp í þeirri kennslustofu sem nota ætti! Ég er e.t.v. að einfalda hlutina um of en var ekki hægt að notast við aðra kennslustofu með þessum búnaði? Mér skilst að uppsetning námskeiðsins sé í sífelldri endurskoðun og vil því skora á þá sem þessu stýra að gæta jafnræðis.

## Aðgangur að fræðunum.

Einn ókosta þess að stunda starfsemina á Egilsstöðum er skortur á lögfræðilegu bókasafni. Sem betur fer fyrir okkur lögmenn, og þá ekki síst fyrir okkur sem í dreifbýlinu erum, hefur internetvæðingin breytt aðstöðunni verulega. Aðgangur að gagnasöfnum hefur gjörbreytt starfsemi á þeim stutta tíma sem ég hef verið í lögmennsku. Sem dæmi má nefna aðgang að UfR og Karnov sem eru gagnlegir grunnar eins og íslenskir lögmenn vita. Fyrir nokkrum mánuðum kom upp sú hugmynd að LMFÍ fengi aðgang að UfR og Karnov, og lögmenn félagsins gætu síðan komið á bókasafnið og notað aðganginn að vild. Mjög góð hugmynd. En góðar hugmyndir mega ekki skekkja samkeppnisstöðu okkar lögmanna og því skora

Við hljótum að sjá fram á frekari þróun í stækkunarátt lögmansstofa á næstu árum. Að mínu mati skiptir þar miklu að okkur verði gert kleift að ná fjármagni inn í reksturinn.



## *Af Merði lögmanni*

**M**örður gerði stutt hlé á lestrinum og leit upp. Einungis eðlislæg hógværd hans og kurteisí varnaði honum að hrópa upp: „Yó man, ertu vakandi?“ Mördur hafði lagt óvenju mikla vinnu í málflutningsræðuna. Eins mikla og hægt er að krefjast af lögmanni sem gengur í öll störf á skrifstofunni. Nóttin fyrir málflutninginn hafði farið í undirbúning. Hann leit fast á dómara. Höfðustelling minnti Mörd á styttuna af hugsuðinum. Þessi alvörubrúgn og niðurlúti maður sem hvílir ennið á hnúunum. Hann hlýtur að taka eftir, hugsaði Mördur með sér og hélt áfram.

---

Sér til sárrar gremju átaði Mördur sig á, við lestur dómsins, að grunur hans reyndist réttur – dómari hafði verið steinsofandi í málflutningnum. Hann hafði ekki farið tomму út fyrir greinargerð Marðar og hvergi sá þess stað í dómnum að ítarleg ræða hafi verið flutt til fyllingar henni. Mördur var súrari yfir þessu heldur en þeirri staðreynd að hann tapaði málinu. Umbjóðandi hans var hins vegar bara full yfir málalokum. „Áfrýja, hvað sem það kostar“ sagði umbjóðandinn. Síðan bætti hann við: „Og Mördur minn, reyndu nú að finna einhvern almennilegan hæstaréttarlögmann.“ Þetta jók ógleði Marðar. Hann bar ábyrgð á gerðum héraðsdómara og nú átti hann að bera ábyrgð á því hvernig hæstaréttarlögmaðurinn meðhöndlaði málið. Allir sem eitthvað þekktu til Marðar vissu hvað hann beinlínis hataði að þurfa að þramma með sín mál til hæstaréttarlögmannna. Hann hafði aldrei skilið þessa mismunun. Lögmaður er lögmaður. Punktur basta. Kannski er hægt að flokka lögmenn í góða og slæma lögmenn, hugsaði Mördur, en hann vissi að sú flokkun byggði ekki á lögbundinni mismunun milli héraðsdómslögmannna og hæstaréttarlögmannna. Lengi býr að fyrstu gerð, hugsaði Mördur; eiga hæstaréttarlögmenn þá ekki að byrja með málin, er það ekki mikilvægara fyrir umbjóðandann? Mördur vissi að hann yrði að hætta að svekkja sig á þessu. Hann gat nú líka litið í eigin barm. Var hann með tæmandi lista yfir öll mál sem hann hafði flutt? Nei, það varð hann að viðurkenna fyrir sjálfum sér. Hann lofaði sjálfum sér að ganga frá þessum formsatriðum svo hann gæti skreytt sig með titli hæstaréttarlögmanns. Hann huggaði sig við að þegar hann kæmist í hóp lögmanna á hólum þá mundi þessi skipting ekki virka svo fráleit. Kannski þurftu menn ákveðna reynslu og hjálfun áður en þeir færu að flytja mál fyrir sívökulum augum hins æðsta dómsvalds.

---

Mördur var kominn í mun betra skap þegar hann steðjaði af stað til fundar við hæstaréttarlögmanninn. Þetta var nú ekki svo slæmt. Hann þakkaði guði sínum fyrir að vera ekki laganemi í dag. Hann hugsaði um hvernig lögmenn, í hvorum flokki sem þeir væru staddir, gætu tryggt faglegar kröfur sem gera verður til stéttarinnar. Senn verða útskrifaðir lögfræðingar í hverjum landshluta, hugsaði Mördur. Nei nú dugar ekki að fella liðið í almennri lögfræði. Það verður að hafa alvöru síu, inntökupróf í stéttina. Já, hugsaði Mördur, það verður allt í lagi með okkur lögmennina. En hvað með dómara? Hver tryggir gæðakröfur til þeirra í fjölbreyttri laganámsflóru framtíðar? Mördur fann fyrir sömu ónotatilfinningunni og hann hafði fundið fyrir í málflutningnum um daginn.

ég á lögmannafélagið að koma upp sambærilegri aðstöðu á fleiri stöðum á landinu.

### **Rekstur lögmannsstofa.**

Við hljótum að sjá fram á frekari þróun í stækkunarátt lögmannsstofa á næstu árum. Að mínu mati skiptir þar miklu að okkur verði gert kleift að ná fjármagni inn í reksturinn. Ég skil ekki þær hömlur sem eru á eignarhaldi lögmannsstofa. Per-

sónuleg og fagleg ábyrgð lögmanna getur verið til staðar burtséð frá hluthafalista rekstrarfélagsins. Ég fæ ekki séð samfélagsleg rök fyrir þessum hömlum. Mér líður eins og bónda – og þekki ég nokkuð til stöðu margra slíkra – því að stéttin mín rembist við að standa vörð um hagsmuni lögmanna með hömlum og utanumhaldi. Raunverulega er verið að skerða afkomumöguleika mína og frelsi.

# Útlendingar á Íslandi

## Hagsmunir þeirra gagnvart stjórnvöldum og aðkoma lögmanna að þeim málum

UM SÍÐUSTU áramót tóku gildi ný lög um útlendinga nr. 96/2002 og í janúar sl. reglugerð nr. 53/2003 sem sett er á grundvelli þeirra laga.

Með gildistöku nýrra laga um útlendinga má segja að veruleg breyting hafi orðið á réttarstöðu útlendinga hér á landi við komu þeirra, dvöl og brottför. Lögin marka stjórnsýslunni skýrari reglur og heimildir allt til samræmis við þá réttarþróun er orðið hefur á undanfönum áratugum.

Reglugerðin, líkt og lögin, hefur að geyma ýmsar reglur sem bæta og skýra réttarstöðu útlendinga til mikilla muna

frá eldri reglum. Þannig er í reglugerðinni að finna ákvæði um málsmeðferð, t.d. leyfis- og hælismisókn svo og atriði sem snúa að skyldu til að kalla til túlk og talsmann, en eldri reglur höfðu fá eða engin ákvæði um slík atriði. Réttarstaðan á þessu sviði er því til mikilla muna skýrari en áður.

Það verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að á Íslandi er orðið til fjölbjóðlegt samfélag og sú þróun heldur áfram. Fjöldi erlendra og íslenskra ríkisborgara, sem eru af erlendu bergi brotnir, er hlutfallslega sambærilegur og jafnvel hærri hér en í nærliggjandi löndum þar sem samfélögin eru talin fjölbjóðleg. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfbúafjölda er nú rétt tæp 4%, en hlutfall þeirra sem fæddir eru erlendis er 6,6%. Þessar stærðir eru mjög sambærilegar við önnur Evrópuríki. Þróunin hér hefur átt sér stað á fáum árum og á mun skemmri tíma en í nágrannalöndum okkar. Það má því segja að í þessum málaflokki séum við enn þó nokkuð á eftir nágrönnum okkar og á það við um flest öll svið málaflokksins, bæði þá þætti er kunna að teljast jákvæðir og neikvæðir.



**Georg Kr. Lárusson**

forstjóri  
Útlendingastofnunar

Útlendingar búsettir á Íslandi eiga sér ekki ýkja marga talsmenn. Engu að síður eru þeir samt nokkrir og sumir hverjir býsna háværir. Það kann að vera spurning hvort þeir talsmenn útlendinga sem mest verður vart við séu í raun þeir réttu til að gæta hagsmuna þeirra og lífsgæða.

Þjóðfélagsmál er afar skammt á veg komin hér á landi. Flestir Íslendingar hafa skoðun á þessum málum, en virðast af einhverjum ástæðum ekki vilja láta hana opinberlega í ljós, hver svo sem

ástæðan er. Þegar betur er að gáð vakna óneitanlega grunsemdir um að vankunnátta á málaflokknum ráði þar nokkru um. Lögmenn og lögfræðingar hafa almennt litla sem enga þekkingu á útlendingarétti. Útlendingaréttur er fræðigreinin sem ekki er kennd hér á landi, (ekki einu sinni við Háskólann í Reykjavík), en hefur hins vegar verið kennd við lagadeildir nágrannalanda okkar um langt árabil. Þessi staðreynd breytir þó ekki því að lögmenn geta auðveldlega sett sig inn í þennan málaflokk ef þeir kæra sig um.

Útlendingastofnun starfar mjög náið með öðrum útlendingastofnunum á Norðurlöndum. Án þess að hafa nokkra tölfræði til að styðjast við er engu að síður óhætt að fullyrða að aðkoma lögmanna að málum útlendinga sem eru til meðferðar þar er mun meiri en tíðkast hér á landi.

Eitt af þeim nýmælum sem lög nr. 96/2002 fela í sér og ætlað er að tryggja réttarstöðu útlendinga eru ákvæði í 34. gr. laganna um skipun talsmanns við meðferð mála fyrir dómi og við meðferð tiltekinna mála á stjórnsýslustigi. Óhætt er að fullyrða að nauðsynlegt er að

Fjöldi erlendra og íslenskra ríkisborgara, sem eru af erlendu bergi brotnir, er hlutfallslega sambærilegur og jafnvel hærri hér en í nærliggjandi löndum þar sem samfélögin eru talin fjölbjóðleg.

kveða á um slíka réttarástæð útlendinga í lögum enda er þörfin fyrir hana mjög rík. Íslenskt samfélag er oft á tíðum afar frábrugðið því er tíðkast í heimalandi útlendinga og því getur það reynst viðkomandi afar erfitt að átta sig á íslensku réttarkerfi. Þar við bætast hugsanlegir tungumálaörðugleikar útlendinga en hætt er við að þeir veiki stöðu hans enn frekar.

Greina má á milli ákvæða 34. gr. laganna um réttarástæð útlendinga eftir því hvort um skyldu til að skipa útlendingi talsmann er að ræða eða hvort útlendingi er tryggður réttur til að fá skipaðan talsmann. Meginregla 1. mgr. 34. gr. laganna felur í sér að dómari skal skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna þegar krafist er gæslu skv. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. laganna. Það þýðir að þegar nauðsyn ber til að handtaka útlending og úrskurða hann í gæsluvarðhald fyrir að sinna ekki fyrirmælum lögreglu ber dómara að skipa honum talsmann. Að sama skapi ber dómara að skipa útlendingi talsmann þegar hann er úrskurðaður í gæsluvarðhald eða til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið. Tekur skyldan þá ennfremur til þeirra tilvika þegar útlendingur er úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir að framkvæma ekki nauðsynlegar ráðstafanir til að afla sér ferðaskilríkja í því skyni að geta yfirgefið landið. Tilgangurinn með handtökunni þarf þá að vera sá að færa útlendinginn fyrir fulltrúa viðeigandi lands til að fá útgefin ferðaskilríki, sbr. 5. mgr. 33. gr. Í fleiri tilvikum en hér hafa verið nefnd, er lögð skylda á dómara að skipa útlendingi talsmann og er þá dómara falið að meta þörfina hverju sinni. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna felur þetta í sér að þegar krafist er úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. laganna ber dómara einnig að skipa útlendingi talsmann nema það hafi í för með sér sérstakt óhagræði, töf eða dómari telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann. Hér er dómara falið ákveðið svigrúm til að viðhafa mat sem getur leitt til þess að talsmaður verði ekki skipaður þrátt fyrir skylduna. Því má segja að skyldan sé ekki fortakslaus í þessum tilvikum. Úrræðin sem vísað er til í

ákvæðinu fjalla um ráðstafanir sem beitt er til að koma í veg fyrir að útlendingur komi sér undan framkvæmd ákvörðunar um að yfirgefa landið. Þær ráðstafanir geta verið þrenns konar, þ.e. að lögregla leggi fyrir útlending að tilkynna sig, að honum verði gert að afhenda vegabréf, annað kennivottorð eða að lögregla leggi fyrir hann að halda sig innan ákveðinna landfræðilegra takmarka. Til þessara úrræða má þó aðeins grípa ef sérstök ástæða er til að ætla að útlendingur muni víkja sér undan framkvæmd ákvörðunar.

Um rétt útlendinga til að fá skipaðan talsmann er kveðið á um í 2. mgr. 34. gr. laganna. Hér er það stjórnvald sem skipar útlendingi talsmann en á þessu stigi eru ekki gerðar kröfur um að talsmaðurinn sé löglærður. Rétturinn tekur einungis til tiltekinna mála hjá stjórnvöldum en rétt er þó að geta þess að útlendingur hefur ávallt fulla heimild til að leita sér aðstoðar lögmanna eða annars fulltrúa á eigin kostnað. Ákvæði 2. mgr. 34. gr. útl. á sérstaklega við þegar ákvarðanir sem eru sérlega íþyngjandi fyrir útlending eru kærðar er varða frávísun, brottvísun og afturköllun leyfis. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. útl. gilda þó ákveðnar undanþágur frá réttarástæð þar sem ekki þykja efni til að veita útlendingi slíka aðstoð. Þannig á útlendingur ekki rétt á að honum verði skipaður talsmaður í málum þar sem honum hefur verið brottvísað fyrir að hafa afplánað refsingu erlendis á síðustu fimm árum, hann hefur verið dæmdur þar til refsingar<sup>1</sup>, hann hefur verið dæmdur héraðs erlendis til refsingar, sætir öryggisráðstöfunum<sup>2</sup> eða hann hefur oftast en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar. Að lokum á útlendingur sem hefur sótt um pólitískt hæli en fengið dvalarleyfi af manúðarástæðum, rétt á að honum verði skipaður talsmaður þegar hann kærir þá ákvörðun.

1 Háttsémin þarf að varða fangelsi lengur en þrjá mánuði að íslenskum lögum. Samsvarandi gildir um þá útlendinga sem hafa búsetuleyfi en þá er gerð krafa um að háttsémin að geta varðað þriggja ára fangelsi eða meira, sbr. b-liður 2. mgr. 21. gr. útl. Um EES borgara sem hér hafa dvalarleyfi væri liúð til 2. mgr. 43. gr. útl.

2 Fyrir háttsémi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði.

Fram til þessa hefur aðkoma lögmanna að málum útlendinga, sem rekin eru í stjórnsýslunni, nær einvörðungu snúið að meðferð umsókna um hæli hér á landi. Lögmenn hafa þó yfirleitt ekki komið að málum fyrr en á kærustigi.

Í tíð eldri löggjafar um útlendinga var einvörðungu beitt ákvæðum Flóttamannasamningsins frá 1951, þegar ákvarðað var hvort veita ætti útlendingi hæli á Íslandi. Venja hafði skapast um að í sérstökum málum var veitt dvalarleyfi af mannúðarárástæðum án þess að fyrir lægi skýr heimild til þess. Með lögum nr. 96/2002 var tekið af skarið og ákvæði Flóttamannasamningsins um skilyrði til veitingar hælislögfest ásamt því sem lögfest voru ákvæði um veitingu dvalarleyfis af mannúðarárástæðum. Með lögnum var einnig skerpt á því hvaða málsmeðferðarreglur eiga að gilda, bæði hvað varðar meðferðina sjálfa og hvaða rannsóknarúrræði stjórnvald hefur. Í tíð eldri laga var stuðst við almenn ákvæði stjórnsýslulaga, laga um meðferð opinberra mála og ákvæði ýmissa sérлага. Ákvæði útlendingalaga og reglugerðarinnar er snúa að hælisleitendum, skýra einnig hvernig aðbúnaði þeirra skuli háttáð meðan á meðferð stendur, hver réttindi umsækjenda eru á því tímabili og hvaða réttindi og skyldur viðkomandi öðlist fái hann samþykki beiðnar sinnar. Að sama

skapi kveða lögin á um hvaða réttaráhrif synjun slíkrar beiðni hefur. Sá málaflokkur er varðar hælisleitendur, hefur til skamms tíma verið umfangslítill, en undanfarin 3 ár hefur hópur þeirra sem sækja um hæli hérlandis aukist um 100% milli ára. Á síðasta ári sóttu 117 útlendingar um hæli og er áætlað að yfir 200 einstaklingar muni sækja um hæli á árinu 2003. Fjölgun hælisleitenda kallar á skýrar reglur um aðbúnað og málsmeðferð og er lögnum ætlað að taka á því.

Útlendingastofnun fjallar um mjög mikilvæg og viðkvæm persónuréttindi og má í því sambandi, auk meðferðar hælismála, nefna brottvísanir og þau ríku réttaráhrif er þeim tengjast. Meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og dvalarleyfi eru stundum flókin úrlausnarefni er geta varðað viðkomandi umsækjendur miklu. Í þeim tilfellum þar sem útlendingar njóta aðstoðar eru það oftast ólöglerðir ráðgjafar, þó stundum löglærðir, en ekki lögmenn og er aðstoðin oft á tíðum ákaflega vafasöm.

Að sjálfsögðu þarf að greiða fyrir þjónustu lögmanna. Þóknun réttargæslumanns eða talsmanns skv. 1. og 2. mgr. 34. gr. útl. greiðist úr ríkissjóði enda gilda ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á, um réttarástoð skv. 34. gr. Hafi útlendingur hins vegar sjálfur ráð á réttarástoð skal krefja hann um endurgreiðslu kostnaðar við réttarástoð að hluta til eða að öllu leyti. Það hlýtur að vera eðlileg þróun að lögmenn láti sig þetta réttarsvið varða. Ef svo fer, sem er óskandi, er þeim fyllilega treystandi til að ráða fram úr því hjá hverjum þeir eiga að fá greitt.



**Þú getur fengið þá á netinu!**

**www.pmt.is**

**ALLAR GERÐIR STIMPLA**

**pmt**  
last miðar & tækni ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889



Hvernig ferð þú með viðkvæmar upplýsingar?

**www.gagnaeyding.is**

G

# Hælisleitendur – réttaraðstoð

**Þ**ANN 1. janúar síðastliðinn tóku í gildi ný lög um útlendinga, nr. 96/2002, og féllu þá úr gildi lög nr. 45/1965 með síðari breytingum. Ný löggjöf um þetta efni var sannarlega tímabær enda hafa orðið miklar breytingar á alþjóðlegum vettvangi á síðustu árum og eldri löggjöf orðin ófullkomin. Þar hafa aðallega komið til breytingar á „innri-landamærum“ hinna svokölluðu Schengen-riksja og því að flóttamenn sækja í æ ríkari mæli til Evrópu í leit að hæli.



**Hilmar  
Magnússon**

hdl.

Við meðferð málsins á Alþingi komu fram margar athugasemdir við frumvarpið. Sumar þeirra náðu fram að ganga og aðrar ekki. Til dæmis var ekki tekið tillit til athugasemda sem varða hinar rúmu heimildir ráðherra til að setja reglur um fjölmörg atriði sem ættu að koma fram í lögnum að mati greinarhöfundar. Mikilvægt er að lögin kveði á um atriði sem útlendingum er ætlað að fullnægja til að hljóta nánari tilgreind réttindi en ekki setja slíkar reglur með reglugerð. Hin viðamikla reglugerð, nr. 53/2003, hefur hins vegar verið gefin út með stoð í lögnum og að mati greinarhöfundar getur það verið ósamrýmanlegt 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar að hafa þennan háttinn á varðandi sum atriði hennar. Þar má t.d. nefna atriði þar sem kveðið er á um rétt útlendinga til að koma til landsins, dveljast hér og hverjar séu brottvísunarástæður. Þá er og gagnrýniverð sú tilhögun, sem fram kemur í reglugerð, að Útlendingastofnun sé ætlað að setja nánari reglur um ýmsa framkvæmd reglugerðarinnar, sem kunna að vera óaðgengilegar.

Í eldri lögum var einungis eitt ákvæði er tók til hælisleitenda en það var í 4. mgr. 10. gr. laganna og kvað á um bann við

að vísa þeim úr landi, sem óskuðu eftir hæli, teldist framburðurinn sennilegur. Landamæraverðir áttu að meta það en þetta ákvæði hefur nú blessunarlega verið fellt niður. Kæmi ekki til brottvísunar tók Útlendingaeftirlit við málinu og úrskurðaði um það hvort veita ætti hæli eður ei. Úrskurði var svo hægt að skjóta til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Engin ákvæði voru um réttaraðstoð.

Með nýjum lögum eru mun ítarlegri ákvæði um flóttamenn og þá sem óska hælis sbr. VII. kafli laganna. Er flóttamaður sá útlendingur sem fellur undir A-lið 1.gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 sbr. viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967.

Í 11. gr laganna er kveðið á um veitingu dvalarleyfis af manúðarástæðum eða vegna sérstakra tengsla útlendinga við landið. Þetta er nýmæli í útlendingalöggjöfinni hér en þó hafa stjórnvöld á grundvelli óljósrar venju veitt dvalarleyfi í örfá skipti með vísan til aðstæðna sem kenna má við mannúð. Hafa slíkar leyfisveitingar verið tilviljanakenndar og ekki alltaf vel skilgreindar eða rökstuddar.

Þess má geta að í úrlausnum Útlendingastofnunar (áður Útlendingaeftirlitsins) hefur nær undantekningalaust verið tekin afstaða til veitingu dvalarleyfis af manúðarástæðum hafi skilyrðum um hæli ekki verið talin fullnægt. Gríðarlegur munur kann að vera á þessum tveimur úrræðum þar sem flóttamönnum er tryggð ákveðin lágmarksréttindi skv. flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn sbr. 47. gr. laganna meðan hinum eru ekki tryggð slík réttindi. Því er mikilvægt að hælisleitendum séu veittar sem gleggstar upplýsingar um

Sumar þeirra náðu fram að ganga og aðrar ekki. Til dæmis var ekki tekið tillit til athugasemda sem varða hinar rúmu heimildir ráðherra til að setja reglur um fjölmörg atriði sem ættu að koma fram í lögnum að mati greinarhöfundar.

þau réttarræði sem til staðar eru og þeim veitt lögfræðileg aðstoð strax í upphafi máls en ekki einungis við kæruferlið.

Í lögnum er sérstaklega kveðið á um ákveðna lágmarksréttaraðstoð sem að mati greinarhöfundar nær of skammt. Í eldri lögum voru engin slík ákvæði en í kjölfar þess að straumur flóttafólks til Íslands jókst eftir 1998 var gerður samningur milli Rauða kross Íslands og Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um lágmarksaðstoð sem eingöngu tók til kæru á synjunarúrskurðum Útlendingaeftirlits til ráðuneytisins.

Samkvæmt nýju lögnum á útlendingur rétt á slíkri aðstoð við kæru til ráðuneytis hafi umsókn hans um hæli verið hafnað, en ekki hafi honum verið veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Eins og áður sagði er mikill munur á þessu tvennu og hafa hælisleitendur mikla hagsmuni af því að geta notið aðstoðar talsmanns við kærumeðferð án þess að þurfa greiða fyrir það sjálfir sbr. 25. gr. laganna, sem fæstir geta eðli málsins samkvæmt.

Engin sérstök ákvæði eru um réttaraðstoð vegna barna. Vandamál tengd hælisleiðnum barna eru vaxandi í Evrópu þó það hafi ekki enn komið upp hér á landi nema í tengslum við beiðnir frá fjölskyldum.

Í 89. gr. reglugerðar nr. 53/2003 er gert ráð fyrir að fulltrúi barnaverndaryfirvalda sé viðstaddur viðtal við barn en telja verður að í þessum tilfellum sé nauðsyn lögfræðilegrar aðstoðar vegna kröfu um þekkingu viðkomandi á alþjóðasamningum um börn og flóttamenn og öðrum þeim lögum og reglum sem á kann að reyna við meðferð málsins.

Þannig tryggja nýju lögin, að mati greinarhöfundar, hvorki slíka aðstoð í upphafi máls, t.d. við skýrslutökur, né að andmælarétti sé komið við vegna hugsanlegra viðurlaga verði ekki fallist á beiðni hælisleitanda.

Þá skal á það bent að þegar skipa skal útlendingi talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr. laganna, vegna umsóknar um hæli þarf hann ekki að vera úr hópi lögmanna. Er það rökstutt með þeim hætti að við meðferð mála fyrir stjórnslu þyki það ekki nauðsynlegt. Slíkur rökstuðningur er að mati greinarhöfundar rýr þar sem mikilverð réttindi eru í húfi sem snerta mörg svið lögfræðinnar. Þótt þau séu í upphafi rekin á stjórnslustigi á það ekki að valda því að minni kröfur séu gerðar til kunnáttu talsmanna, t.d. í lögum. Þá kunna þessi mál að koma síðar til kasta dómstóla.

Þau viðurlög sem jafnan er beitt er brottvísun úr landi ásamt endurkomubanni. Auk þess er viðkomandi aðili skráður í Schengen-upplýsingakerfið sem veldur því að hann telst óæskilegur á landssvæðum allra Schengen-ríkjanna, oftast nær tímabundið í þrjú ár.

Þessum viðurlögum hefur að mati greinarhöfundar verið beitt í mun ríkari mæli en nauðsynlegt má telja auk þess sem þeim hefur nær undantekningalaust verið beitt í þeim tilfellum þar sem ekki er tekið efnislega á hælisleiðnum vegna ákvæða svokallaðs Dyflinnar-samnings, sbr. umfjöllun hér síðar, eða reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins.

Það er mjög umdeilanlegt hvort beita eigi hælisleiðendum svo alvarlegum viðurlögum þegar óvíst er hvort þeim verði veitt hæli sem flóttamönnum af viðtökuríki eða ekki. Hefur þá viðtökuríkið mun betri og fyllri forsendur til að kveða á um slík viðurlög.

Skömmu eftir að Schengen-samningurinn tók gildi á Íslandi, þann 25. mars 2001, gerðumst við aðilar að Dyflinnar-samningnum, er tók gildi þann 1. apríl 2001. Með þeim samningi Evrópusambandsríkjanna, sem er frá 15. júní 1990, eru lagðar línurnar um það hvaða ríki beri ábyrgð á umsókn um hæli þegar fleiri en eitt ríki koma til greina.

Tilgangurinn er aðallega tvíþættur, annars vegar að tryggja að hælisleiðendur séu ekki sendir milli landa (non-refoulement), án þess að fá efnislega niðurstöðu í málum sínum, og hins vegar að flóttamenn geti ekki ferðast milli landa og lagt fram umsóknir í öllum þeim ríkjum sem þeim þóknast.

Í lögnum er ekki gert ráð fyrir réttaraðstoð við meðferð máls þar sem getur reynt á endursendingar vegna ákvæða samningsins en vissulega geta hælisleitendur haft ákveðnar ástæður fyrir því að sækja ekki um hæli í fyrsta gríðlandi.

Eftir að Ísland gerðist aðili að Schengen-samningnum jókst flóttamannastraumurinn til landsins verulega. Fram að því höfðu að jafnaði 4 til 5 aðilar sótt um hæli árlega. Á árinu 1999 sóttu 17 um hæli, árið 2000 voru þeir orðnir 24, árið 2001 sóttu 52 um hæli og á árinu 2002 sóttu 117 um hæli.

Próunin hér á landi hefur verið sú að mun fleiri hælisleitendur hverfa af landi brott eða draga umsóknir sínar til baka væntanlega vegna vitneskju um mögulega endursendingu á grundvelli Dyflinnar-samningsins og tilheyrandi viðurlaga án raunverulegrar efnismeðferðar. Þannig drógu

49 hælisleitendur ársins 2002 umsóknir sínar til baka og 11 fóru af landi brott án frekari skýringa.

Í seinni tíð hefur aðeins einum einstaklingi verið veitt hæli, og er þá ekki átt við flóttamanna-hópa sem koma til landsins fyrir milligöngu Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Nokkr-

um umsækjendum hefur verið veitt dvalarleyfi en meginhluti umsækjanda hafa ekki haft erindi sem erfiði. Greinarhöfundur hefur bent á það að nauðsyn sé á að úrskurðir Útlendingastofu séu birtir þar sem birting þeirra horfir augljóslega til meira réttaröryggis.

## Lagadeildir íslenskra háskóla fá afhentar áskriftir að CELEX

FIMMTUDAGINN 20. febrúar sl. tóku forsvarsmenn lagadeilda háskólanna á Íslandi, sem kenna lögfræði, við ársáskrift að gagngrunnum Evrópuréttarins að gjöf frá Spurn sf og Context ltd.

Um er að ræða gagngrunnana CELEX (Communitatis Europae Lex) sem er hinn opinberi lagagagngrunnur ESB, OJC (Offic-

ial Journal C Series) sem er C-deild stjórnartíðinda ESB og ECJ Proceedings sem hefur að geyma upplýsingar um mál sem eru fyrir Evrópudómstólnum.

Með gjöf sinni vilja fyrirtækin tvö leggja áherslu á mikilvægi Evrópuréttarins á Íslandi og stuðla að því að við kennslu og rannsóknir í lögfræði sé stuðst við bestu fánleg gögn.



Forsvarsmenn háskólanna taka við áskriftinni úr hendi Jóns Steindórs Valdimarssonar hjá Spurn. Á myndina vantar forsvarsmann Háskólans á Akureyri. F.v. Einar Páll Tamimi lektor við Háskólann í Reykjavík, Ingibjörg Þorsteinsdóttir lektor við Háskólann á Bifröst, Stefán Már Stefánsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Jón Steindór Valdimarsson frá Spurn sf.



Ívar Bragason þjónn hellir víni í glös.

## Meistarar La Primavera kenna listina að elda!

ÞANN 5. mars sl. fóru lögmenn í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, Sólvalla­ götu 12, á námskeið í ítalskri matargerð sem listakokkar La Primavera héldu fyrir félagsmenn LMFÍ. Mikil aðsókn var að námskeiðinu sem heppnaðist mjög vel og er fyrirhugað að halda annað innan skamms.



Leifur Kolbeinsson kokkur með sýnikennslu.



### Námskeið fyrir lögmenn á vorönn

#### *Greiðslustöðvun og nauðasamningar*

Fjallað verður um öll stig greiðslustöðvunar og nauðasamninga, allt frá skilyrðum heimildar til greiðslustöðvunar, réttaráhrifum og lokum greiðslustöðvunar. Einnig verður fjallað um nauðasamninga, almenn ákvæði og réttaráhrif þeirra. Þá verður fjallað um heimild til að leita nauðasamninga og fleira því tengt.

**Leiðbeinandi:** Kristinn Bjarnason hrl.  
**Staður:** Háskólinn í Reykjavík.  
**Tími:** 7.-9. apríl.  
**Verð:** kr. 21.000

Frekari upplýsingar veitir:  
Þór Clausen  
Sími: 510 6288  
thorc@ru.is

#### *Skiptastjórn þrotabúa*

Fjallað verður um ferlið við skipti þrotabúa, allt frá skyldum skiptastjóra til endanlegra skipta og skýrslu skiptastjóra.

**Leiðbeinandi:** Auglýstur síðar  
**Staður:** Háskólinn í Reykjavík  
**Tími:** 10. apríl 2003.  
**Verð:** kr. 18.000

Frekari upplýsingar veitir:  
Þór Clausen  
Sími: 510 6288  
thorc@ru.is



## Breytingar á félagatali

Allar breytingar um ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

### Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

**Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.**

**Sigrún Guðmundsdóttir hrl.**

### Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

**Guðbjörg Bjarnadóttir hdl.**

Landsbanki Íslands  
Laugavegi 77  
101 Reykjavík  
S: 560-6846  
Fax: 562-3908

**Ragnar Jónasson hdl.**

Kaupþing banki hf.  
Ármúla 13  
108 Reykjavík  
S: 515-1427  
Fax: 515-1562

### Endurútgefin málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

**Bergur Hauksson hdl.**

Logafold 86  
112 Reykjavík  
S: 691-6666

**Ólafur Örn Haraldsson hdl.**

Lögheimtan  
Laugavegi 98  
101 Reykjavík  
S: 545-0500  
Fax: 545-0501

**Ólafur B. Thors hdl.**

Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík  
S: 511-2270

**Svala Hilmarsdóttir hdl.**

Tollstjórinn í Reykjavík  
Tryggvagötu 19  
101 Reykjavík  
S: 560-0300  
Fax: 562-5826

**Pórunn Anna Árnadóttir hdl.**

Lagalind ehf.  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík  
S: 511-2233  
Fax: 511-2234

### Nýr vinnustaður:

**Árni Hjaltason hdl.**

Byggðastofnun  
Ártorg 1  
550 Sauðárkrókur  
S: 455-5400  
Fax: 455-5499

**Eyvindur G. Gunnarsson hdl.**

JP Lögmenn  
Lágmúla 5  
108 Reykjavík  
S: 588-5200  
Fax: 588-5210

**Guðjón Ólafur Jónsson hdl.**

JP Lögmenn  
Lágmúla 5  
108 Reykjavík  
S: 588-5200  
Fax: 588-5210

### Nýtt aðsetur:

**Dögg Pálsdóttir hrl.**

DP Lögmenn  
Hverfisgata 4-6  
101 Reykjavík  
S: 561-7755  
Fax: 561-7745

**Leifur Árnason hdl.**

Lögmenn Árnason  
Grensásvegi 8  
108 Reykjavík  
S: 520-8400  
Fax: 520-8409

**Sigurjón Heiðarsson hdl.**

Samkeppnisstofnun  
Rauðarárstígur 10  
105 Reykjavík  
S: 552-7422  
Fax: 562-7442

**Pröstur Þórrson hdl.**

HP Lögmenn ehf.  
Kjörgarði  
Laugavegi 59  
101 Reykjavík  
S: 511-1812  
Fax: 511-1815

# Fréttir frá félagsdeild

## Árshátíð LMFÍ

Laugardagskvöldið 22. mars verður hin árlega árshátíð félagsins og er búist við mikilli þátttöku eins og síðustu ár. Heimateiti lögmanna verða um borg og bæ og hefjast kl. 17:30. Heiðursgestur að þessu sinni verður Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulíffsins, en Valborg Snævarr verður veislustjóri. Skemmtiatriði verða í höndum Jóhannesar Kristjánssonar sem mun væntanlega gera „alvarlega“ úttekt á landsmálum eins og honum einum er lagið. Steindór Andersen, sem hlaut menningarverðlaun DV á dögnum ásamt Sigur rós og Hilmari Hilmarsyni, mun svo kveða rímur. Ein vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir, Í svörtum fötum, mun leika fyrir dansi. Þess má geta að hún fékk titilinn „besta ballhljómsveit ársins“ fyrir stuttu svo allir ættu að fá eitthvað við sitt hæfi.

## Námskeið vorannar

Félagsdeild stendur fyrir 12 námskeiðum á vormánuðum og hefur skráning á þau verið mjög góð. Auk faglegra námskeiða var brugðið út af vananum og boðið upp á námskeið í ítalskri matargerð, golfi og flugukasti. Ítalska matargerðarnámskeiðið var haldið 5. mars sl. og sló rækilega í gegn en meistara La Primavera sáu um kennsluna. Ákveðið hefur verið að bæta



**Eyrún Ingadóttir**

a.m.k. einu námskeiði við. Auk þessara námskeiða hafa eftirtalin námskeið verði haldin: Undirbúningur hluthafafunda og fundarstjórn, lög um fjöleignarhús (Stríð og friður í fjöleignarhúsum) en samkeppnisréttarnámskeið sem vera átti 13. mars sl. var frestað.

Í febrúar voru haldin tvö stutt tölvunámskeið, annars vegar upp-  
rifjun í word og tölvupósti og hins vegar í excel. Þessi námskeið voru

ætluð fyrir þá sem eru vanir að nota forritin en vildu skerpa á þekkingu sinni. Óhætt er að full-  
yrða að vel hafi tekist til og flestir þátttakendur fóru heim margs vísari.

Þau námskeið sem á eftir að halda eru: Stofun félaga – reglur og hagnýt atriði 25. mars, Vitna- og aðilaskýrslur fyrir dómi 3. apríl, Áfrýjun og flutningur einkamáls fyrir Hæstarétti 6. maí og golfnámskeið sem verður í maí. Lögmenn eru hvattir til að hafa samband við undirritaða ef þeir hafa einhverjar sérstakar óskir varðandi námskeið.

LMFÍ er sem fyrr í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Þar er boðið upp á rekstrar- og stjórnunarnám auk styttri námskeiða: Greiðslu-  
stöðvun og nauðasamningar 7.-9. apríl, Skipta-  
stjórn þrotabúa 10. apríl og Skipti á dánarbúum 24. til 26. mars. Lokið er námskeiðum í Evrópu-  
rétti og Höfundarrétti og hugverkasamningum.

## Námskeið fyrir lögmenn á vorönn

### *Skipti á dánarbúum*

Fjallað verður um ferlið við skipti dánarbúa, allt frá skyldum skiptastjóra til endanlegra skipta og skýrslu skiptastjóra.

Leiðbeinendur: Steinunn Guðbjartsdóttir hdl., Eyrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri í sífja- og skipta-  
deild hjá Sýslumanninum í Reykjavík, Kristján Gunnar Valdimarsson, lögfræðingur hjá Búnaðar-  
bankanum Verðbréfum

**Staður:** Háskólinn í Reykjavík.

**Tími:** 24. til 26. mars 2003.

**Verð:** kr. 24.000

Frekari upplýsingar veitir:

Þór Clausen

sími: 510 6288

thorc@ru.is

## Námskeið fyrir lögmenn á vorönn

### *Stofnun félaga – reglur og hagnýt atriði*

Fjallað verður um stofnun félaga, firmaheiti og vernd hugverkaréttinda. Kennarar verða þau Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður á Lex, stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík og við- skipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, og Borg- hildur Erlingsdóttir lögfræðingur og deildarstjóri á Einkaleyfastofunni.

**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9.  
**Tími:** 25.mars, kl. 17:00 - 20:00  
**Verð:** kr. 12.500 fyrir félagsdeild, kr. 15.000 fyrir aðra

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: eyrun@lmfi.is

---

### *Vitna- og aðilaskýrslur fyrir dómi.*

Tilgangur námskeiðsins er að bæta árangur og/eða hæfni lögmanna til skýrslutöku. Fjallað verður um hvaða gildir lögmenn falla í við skýrslutöku, hvað og hvernig eigi að spyrja vitni eða aðila máls og áreiðanleika framburðar. Kennarar á námskeiðinu munu fjalla um einkamál sem og opinber mál út frá sjónarhóli lögmanna og dómara.

Kennarar: Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari, Jóhannes Rúnar Jóhannesson hrl, Ólafur Ari Jónsson lögfræðingur og Eva Dögg Gylfadóttir sálfræðingur en Ólafur og Eva unnu saman að lokaritgerðum í lögfræði og sálfræði um efnið.

**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9.  
**Tími:** 3. apríl, kl. 17:00 - 21:00  
**Verð:** kr. 12.500 fyrir félagsdeild, kr. 15.000 fyrir aðra

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: eyrun@lmfi.is

### *Áfrýjun og flutningur einkamáls fyrir Hæstarétti.*

Á námskeiðinu verður farið í tilgang áfrýjunar, form og efni áfrýjunarstefna, kröfugerð, gerð málsgagna (ágrips) og öflun nýrra gagna. Má þar nefna vitnamál, form og framsetning greinargerðar, undirbúningur málflutnings, málflutningurinn sjálfur, dómsuppkvaðning, uppgjör dómkrafna og kynning á niðurstöðu dóms fyrir umbjóðanda. Einnig verður farið í óskráðar hegðunarreglur sem gilda í málflutningi fyrir Hæstarétti, samskiptareglur lögmans við umbjóðanda sinn, við lögmann gagnaðila, ásamt samskiptum lögmans við fjölmiðla

Kennarar verða Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður hjá LOGOS og Garðar Gíslason hæstaréttardómari.

**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9.  
**Tími:** 6.maí, kl. 16:00 - 19:00  
**Verð:** kr. 12.500 fyrir félagsdeild, kr. 15.000 fyrir aðra

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: eyrun@lmfi.is

---

### *Viltu æfa sveifluna fyrir sumarið?*

LMFÍ stendur fyrir 5 klst golfnámskeiði í maí sem er ætlað jafnt fyrir byrjendur og lengra komna. Sigurður Hafsteinsson mun kenna á námskeiðinu en hann hefur stundað golf síðan 1969 og m.a. verið í íslenska landsliðinu. Eftir tímann geta þátttakendur notfært sér aðstöðu Sporthússins og farið í nuddpott eða gufubað. Lögmenn eru hvattir til að taka maka og börn með sér í þetta skemmtilega fjölskyldusport!

**Staður:** Sporthúsið, Kópavogi.  
**Kennari:** Sigurður Hafsteinsson golfkennari.  
**Tími:** Maí. Stefnt er að þremur dögum aðra vikuna og tveimur hina.  
**Verð:** kr. 10.000,- fyrir félaga í félagsdeild, kr. 12.500,- fyrir aðra.

Athugið: Hámark 14 komast á námskeiðið. Skráning er þegar hafin.

S P R O N



P L A T I N U M



## Fyrsta alþjóðlega Platinum debetkortíð í heiminum

### Mikilvægir viðskiptavinir

SPRON PLATINUM þjónustan er ætluð traustum einstaklingum sem eiga að jafnaði 750.000 króna inneign hjá SPRON. Í SPRON PLATINUM færð þú betri ávöxtun á debetkortareikningi og getur nýtt þér fjölda þjónustuþátta án kostnaðar. Ávinningurinn er umtalsverður.

- Þinn eigin þjónustufulltrúi
- Vönduð fjármálaráðgjöf
- Frumkvæði í þjónustu
- Hagstæðir lánamöguleikar
- Listviðburðir
- Heimabanki
- Eignastýring á sérkjörum
- Innheimtuþjónusta
- 150 fríar debetkortafærslur
- Sértilboð á líf- og sjúkdómatryggingu
- Ítarleg viðskiptayfirlit
- Hærri vextir á inneign
- Greiðsluþjónusta
- Platinum kreditkort\*

\*háð útlánareglum SPRON

Hringdu í **550 1400** eða komdu í næsta útibú SPRON og upplifðu nýja hugsun í bankaðjónustu.

 **SPRON**  
SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NAGRENNIS